

# VEIÐIMÁLASTOFNUN

VEIÐIMÁLASTOFNUN  
VESTURLANDSDEILD

SVINAFOSSA A SKÓGARSTRÖND

Fiskiræktarmöguleikar

SIGURDUR MÁR EINARSSON

VEIÐIMÁLASTOFNUN

EINTAK BÓKASAFNS

5000  
Borgarfjörður növember 1986

Unnið fyrir  
jarðeigendur við  
Svinafossá

FISKIRÆKTARMOGULEIKAR I  
SVINAFOSSA A SKOGARSTROND

1. INNGANGUR

Að beiðni jarðeigenda við Svínafossá voru möguleikar til ræktunar á laxi í ánni athugaðir 7. júlí 1986. Áin er lítil dragá sem fellur um Heydal til sjávar í Hvammsfjörð (Mynd 1). Áin er örstutt fiskgeng og því lítið orðið vart við sjögöngufisk. Arið 1985 sást torfa af löxum fyrir neðan foss og veiddist nokkrir þeirra á stöng. Arið 1982 var 500 sumaröldum seiðum sleppt í ána og er mögulegt að laxarnir hafi verið upprunnir úr þeirri sleppingu. Fiskifrædirannsóknir hafa ekki verið áður gerðar á ánni.

2. ADFERDIR

Botngerð og straumlag árinnar var athugað eftir því sem kostur var, en þessir tveir þættir segja mest til um uppeldis- og hrygningarskilyrði fyrir lax. Laxaseiði þrifast best á gryttum botni í ánni en þar fá seiðin nauðsynlegt skjól og fæða er meiri en á fingerðum botni.

Seiðarannsóknir voru einnig gerðar með rafmagnsveiðum, en með þeim fæst vitneskja um tegundasamsetningu, þéttleika og vöxt seiða. Veitt var á premur stöðum, tveimur á ófiskgenga hlutanum og á einum stað neðan við foss. Óll seiði sem fengust voru lengdarmæld og hluti þeirra aldursgreindur.

Einnig voru net lögð i tjörn ofarlega í ánni og skilyrði til seiðauppeldis skoðuð.

3. NIÐURSTODUR

3.1 BOTNGERD OG STRAUMLAG

Fiskgengi hlutinn er örstuttur og gætir sjávaráhrifa langleiðina upp að fossi. Uppeldis- og hrygningarskilyrði eru því sáralitil á þessum árhluta sem stendur því undir lítilli framleiðslu á seiðum.

Ofiskgengi hlutinn hefur hins vegar viðast hvor góð uppeldis- og hrygningarskilyrði. Áin rennur viða á smágryttum eyrum og í heild er þessi hluti viðast nýtanlegt uppeldissvæði fyrir lax. Ofiskgengi hlutinn var áætlaður u.p.b. 7 km að lengd og meðaltalsbreidd árinnar 3-6 m. Gróft áætlað er nýtanlegt botnflatarmál til seiðauppeldis um 35 þúsund m<sup>2</sup> og ætti áin því að geta fóstrað verulegt seiðamagn.

3.2 SEIÐARANNSÓKNIR

A fiskgenga hlutanum fengust bæði laxa og urriðaseiði (Mynd 2). Varð vart við laxaklak úr hrygningu 1985 og einnig

fengust nokkur seiði úr hrygningu 1983. Lax virðist því hrygna af og til á þessu svæði, en framleiðsla er mjög lítil þar sem svæðið til uppeldis er mjög takmarkað.

A ófiskgenga hlutanum fíkkst eingöngu urriði (Mynd 2) og einnig fengust nokkrir urriðar í net lögð í tjörn rétt við þjóðveginn ofarlega í ánni (Mynd 3). Magn urriða var mest ofarlega í ánni er minnkaði er neðar dró og er hann væntanlega í mestu magni í tjörnunum, en hrygnir í ánni fyrir neðan.

Tjörnin við þjóðveginn er um 3 ha að stærð. Hugsanleg uppeldissvæði fyrir lax voru kortlögð en þau eru einungis að finna þar sem möl og grjót er í botninum og voru þau áætluð vera samtals 1000 m<sup>2</sup> að stærð (Mynd 3).

#### 4. ALYKTANIR

Uppeldis- og hrygningarskilyrði fyrir lax eru ágæt á ófiskgenga hluta árinnar. Þá er án liklega fremur hly og án því sennilega almennt séð gott búsvæði fyrir laxaseiði.

Tiltölulega auðvelt ætti að vera að fá lax til að ganga í ána. Frumskilyrði fyrir ræktun árinnar er að ófiskgengi hluti árinnar sé nýttur. Auðveldasta leiðin er sú að sleppa sumaröldum seiðum á allan ófiskgenga hlutann. Til að gjörnyta uppeldissvæðin mætti sleppa allt að 15-20 þús. seiðum og dreifa þeim á allan ófiskgenga hlutann.

Einnig mætti byggja laxastiga í ánni og láta laxinn sjálfan um að viðhalda stofninum. Er þetta ódýrasta leiðin sé til lengri tíma lítið. Stigagerð er þó kostnaðarsöm framkvæmd og þyrfti að vega og meta hvort kostnaður við stigabyggingu væri réttlætanlegur.

Varðandi nýtingu árinnar í framhaldi af fiskrækt, þá er án liklega það lítil að hún verður ekki veruleg tekjulind sem stangveiðiá. Hins vegar kemur vel til greina að án verði nýtt sem hafbeitará og hentar án ágætlega til hennar.


Hafbeit byggir á því að gönguseiðum sé sleppt að vorlagi og að 1-2 árum liðnum snýr laxinn til síns heima og er þá fangaður í gildrur og slátráð fyrir neyslumarkað. Til að stunda hafbeit þarf því sleppiaðstöðu fyrir gönguseiði og móttökuaðstöðu fyrir kynþroska lax. I Svinafossá mætti að sjálfsögðu einnig beita smáseiðasleppingum í þessu tilliti eins og áður er minnst á. Með gildrumannvirki myndi þá einnig vera hægt að flytja lax upp fyrir foss og láta hann sjá um að nýta uppeldissvæðið fyrir ofan þannig að ekki væri nauðsyn að sleppa smáseiðum nema í stuttan tíma.

Hagkvæmni hafbeitar ræðst af seiðaverði, endurheimtum á laxi og markaðsverði hans. I dag er seiðaverð hátt og markaðsverð í lægra lagi og því varla raunhæft að fara út í hafbeit nema að hægt sé að útvega seiði á lægra verði en almennt

gengur og gerist á markaðinum í dag. Meðfylgjandi er skýrsla Arna Hélgasonar um lax- og silungseldi þar sem nánari upplýsingar er að finna.


Ef jarðeigendur fara út í fiskrækt og/eða hafbeit er nauðsynlegt að stofnrækta ána. Í byrjun verður að nota aðkomu stofn og er best að nota stofnfisk úr á í grennd við Svinafossá og þá helst úr á með svipuðum ytri einkennum. Þegar endurheimtur af laxi byrja er síðan réttast að taka þann stofn til undaneldis og halda sig við þann stofn upp frá því.

Mynd 1:  
Kort af vatnsvæði Svínafossár.  
Rafveiðistaðir eru merkir með númerum.



Mynd 2:

Lengdardreifing og aldur laxfiskaseiða í Svinafossi 7. júlí 1986.



Mynd 3:

Kortlagning uppeldissvæða fyrir laxaseiði í tjörn við  
þjóðveg.

